



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 2. september 2015 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál sveitarfélagsins

a. Bréf Eftirlitsnefnd sveitarfélaga (EFS), dags. 13. júlí 2015

Með bréfinu gerir EFS athugasemd við að rekstrarreikningur A-hluta rekstrarreiknings 2014 hafi verið neikvæður um 37,9 milljónir króna og neikvæður um 18,8 milljónir fyrir A- og B-hluta. EFS óskar því eftir útskýringum sveitarstjórnar á frávikum í rekstri samstæðu sveitarsjóðs 2014. Einnig óskar nefndin eftir gerð útskomuspá fyrir árið 2015 með samanburð við fjárhagsáætlun 2015. Óskað er eftir eftir viðbrögðum fyrir 1. október 2015.

Sveitarstjóra falið að vinna greinargerð í samræmi við óskir EFS, sem verð lögð fyrir sveitarstjórn.

b. Árshlutayfirlit rekstrar jan.–júní 2015

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit og samantekt um rekstur fyrstu 6 mánuði ársins sem sveitarstjóri skýrði. Auk rekstraryfirlits þar sem hálfssárs rekstur er dregin sama og borinn saman við fjárhagsáætlun lá fyrir fundinum samantekt um rekstrarliði og deildir og gerður samanburður á sama tímabili 2014. Einnig lá fyrir fundinum yfirlit um greidda staðgreiðslu útsvars eftir mánuðum janúar til júlí. Fyrirliggjandi gögn voru til kynningar og umræðu. Sveitarstjórn ræddi rekstraryfirlitin og rekstur sveitarfélagsins almennt.

c. Fjárfestingar og framkvæmdir 2015

Fyrir fundinum lá samantekt um fjárfestingar ársins. Annarsvegar samantekt um fjárfestingar í sjóðstreymi og hins vegar yfirlit um rauntölur og áætlun um nýtingu heimilda fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn ræddi fyrirliggjandi upplýsingar en málið var til kynningar og ekki gerðar ályktanir eða breytingar á fyrirliggjandi áætlunum.

2. Leikskólinn Barnaból

a. Rekstur og kostnaður

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra um kostnað vegna samnings milli Hjallastefnu og sveitarfélagsins. Minnisblaðið var tekið saman til að halda utan um upplýsingar um kostnað við rekstur leikskólans og skoða samanburð milli ára. Þá er í minnisblaðinu skoðað hver gæti orðið rekstrarniðurstaða ársins 2015 miðað við að dvalargildi haldist lítið breytt út árið.

Minnisblaðið var til kynningar og sveitarstjóra falið að fara yfir samning um leikskólann með fulltrúum Hjallastefnunnar í ljósi þeirra upplýsinga sem þar koma fram.



b. Sérkennsla skólaárið 2015-2016

Gögn sem lágu fyrir fundinum:

- i. Beiðni Maríu Aspar Ómarsdóttur, dagstýru leikskólans dags. 25.08.2015, þar sem óskað er heimildar til sérkennslu og stuðnings skólaárið 2015-2016. Í bréfinu er fjallað um sérkennslupörf og færð rök fyrir þörf á 10,5 stundum á dag í stuðningi og sérkennslu.
- ii. Bréf Þórdísar Hauksdóttur, fræðslustjóra dags. 27.08.2015, þar sem lagt er mat á beiðni um sérkennslu og stuðning skv. bréfi dagstýru leikskólans
- iii. Kostnaðargreining sveitarstjóra á þörf fyrir stuðning og sérkennslu skv. bréfi dagstýru leikskólans.

Sveitarstjórn ræddi fyrirliggjandi gögn og ákvað að fresta afgreiðslu þess þar til viðræður um heildarrekstur leikskólans hefðu farið fram.

3. Viðmiðunarreglur um kirkjugarðsstæði og fleira

Fyrir fundinum lá afrit af tölvubréfi Þóru B. Jónsdóttur, lögræðings Samands íslenskra sveitarfélaga þar sem gerð er grein fyrir samkomulagi milli Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga á breytingum á viðmiðunarreglum um kirkjugarðsstæði. Fyrir fundinum lágu einnig umræddar viðmiðunarreglur með áorðnum breytingum.

Málið var til kynningar.

4. Náttúrustofa Norðurlands vestra

Fyrir fundinum lá minnisblað um Náttúrustofu Norðurlands vestra þar sem m.a. koma fram viljayfirlýsingar þeirra sveitarfélaga sem hyggjast standa að rekstri hennar. Málið var áður á dagskrá sveitarstjórnar 19. nóvember 2014 sem samþykkti þá að Halldór G. Ólafsson yrði fulltrúi á fundum um náttúrustofu. Fulltrúar sveitarfélaga sem hafa lýst áhuga á að vinna að því að tryggja rekstur náttúrustofunnar komu sér saman um eftirfarandi drög að viljayfirlýsingu:

Viljayfirlýsing um rekstur Náttúrustofu Norðurlands vestra

Sveitarfélöginn Skagafjörður, Akrahreppur, Húnaþing vestra og Skagaströnd eru sammála um að standa saman að efla og tryggja rekstur Náttúrustofu Norðurlands vestra. Öðrum sveitarfélögum á Norðulandi vestra stendur til boða að taka þátt í þessu samstarfi óski þau eftir því.

Starfsemi Náttúrustofunnar verður efld með því að koma á starfsstöðvum á Hvammstanga og Skagaströnd auch númerandi starfsstöðvar á Sauðárárkróki. Stefnt er að því að við Náttúrustofuna séu 1,5-2 stöðugildi sem skipt verður eftir frekara samkomulagi. Til þess að fjármagn til rannsókna nýtist sem best skulu starfsstöðvarnar leita samstarfs við fyrirtæki og stofnanir á hverjum stað sem sinna skyldum verkefnum - Selasetrið á Hvammstanga, Biopol á Skagaströnd og Háskólan á Hólum í Skagafirði. Jafnframt skal Náttúrustofan leita samstarfs við sem flesta aðila, innlenda sem erlenda, um rannsóknir á náttúru Norðurlands vestra.

Stjórn Náttúrustofunnar verður skipuð af fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að rekstri hennar. Forstöðumaður Náttúrustofunnar verður staðsettur á Sauðárárkróki. Sveitarfélöginn leggja til 30% af rekstrarkostnaði Náttúrustofunnar á móti framlagi ríkisins. Framlög sveitarfélaganna skiptast í hlutfalli við íbúafjölda.



Sveitarstjórn ræddi málíð og samþykkti svohljóðandi bókun:

„*Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir meðfylgjandi drög að viljayfirlýsingum um rekstur Náttúrustofu Norðurlands vestra en gerir skilyrði fyrir greiðsluþáttöku sinni að hluti starfsemi náttúrustofum verði í sveitarfélaginu og skilgreining á því verði sett í samþykktir fyrir náttúrustofuna.*“

5. Þjóðarsáttmáli um læsi

Fyrir fundinum lá bréf sem var undirritað í júlí 2015 af mennta- og menningarmálaráðherra, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, formanni Kennarasambands Íslands og formanni samtakanna Heimili og skóli. Í bréfinu er lýst áhyggjum af að lesskilningur skólabarna hafi versnað og lagt til að gerður verði Þjóðarsáttmáli um læsi sem verði þess efnis að öll börn sem til þess hafi getu, lesi sér til gagns við útskrift úr grunnskóla. Í bréfinu kemur einnig fram að ráðherra býður öllum bæjar- og sveitarstjórnum að undirrita Þjóðarsáttmála um læsi þar sem aðilar samningsins, ríki og sveitarfélög, skuldbinda sig til að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að ná settu markmiði um læsi.

Fram kom að umræddur Þjóðarsáttmáli hafi verið undirritaður af fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og ráðherra 1. september 2015 og Sveitarfélagið Skagströnd hafi verið þar á meðal.

6. Bréf:

- Skagabyggðar, dags. 6. júlí 2015

Í bréfinu sem er tölvubréf kemur fram bókun frá hreppsnefndarfundi Skagabyggðar 19.06.2015 þar sem fjallað er um að flýta þurfí göngum vegna ákvörðunar sveitarstjórnar Húnavatnshrepps vegna fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps og ákvörðun Skagfirðinga og farið verði 5. september, viku fyrr en áætlað var, en seinni göngur séu á réttum tíma.

Einnig lá fyrir fundinum gangnaseðill vegna fyrri gangna í Spákonufellsborg 4. september. Bréfið og gangnaseðillinn voru til kynningar.

- UMFÍ – v/Hreyfiviku, dags. 21. ágúst 2015

Með bréfinu er kynnt hreyfivika sem þátttaka í Evrópskri lýðheilsuherferð sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum reglulega. Með bréfinu er hvatt til þáttöku sveitarfélagsins í hreyfivikunni.

Bréfið var til kynningar.

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 13. ágúst 2015

Með bréfinu er tilkynnt um að Dagur íslenskrar náttúru verði haldinn hátfíðlegur 16. september næstkomandi.

Sveitarstjórn samþykkti að gera daginn að degi Höfðans og standa fyrir gönguferð um þá náttúrperlu.

- Róbert F. Gunnarssonar, dags. 6. ágúst 2015

Með bréfinu óskar Róbert eftir lausn frá setu í Tómstunda- og menningarmálanefnd þar sem hann hafi ekki þann tíma sem þarf til að sinna verkefnum nefndarinnar.

Samþykkt að veita Róbert lausn frá setu í nefndinni en skipun í hans stað var frestað til næsta fundar.



7. Fundargerðir:

- a. Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 1.07.2015

Fundargerðin var til kynningar.

- b. Stjórnar SSNV, 30.06.2015

Fundargerðin var til kynningar

- c. Stjórnar SSNV, 17.08.2015

Fundargerðin var til kynningar

- d. Stjórnar SSNV, 25.08.2015

Fundargerðin var til kynningar

- e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 03.07.2015

Fundargerðin var til kynningar.

8. Önnur mál

Steindór gerði grein fyrir áhuga Nýsköpunarmiðstöðvar um að koma á svokallaðri „ræsingu“ í nýsköpun.

Steindór vakti máls á hvort hægt er að stýra snjóalögum við hesthús.

Steindór tók umræðu um stöðu gróðurfars á Höfðanum þar sem lúpína er enn að fara vaxandi og leggja undir sig annan gróður og velti fyrir sér hvort rétt sé að stofna samtök vina Höfðans.

Steindór og Inga Rós lögðu fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á fundi sveitarstjórnar þann 12. september 2014 lögðum við undirrituð Inga Rós Sævars dóttir og Steindór Haraldsson fram tillögu um að framkvæmdar verði úrbætur á athafnasvæði Skagastrandarhafnar. Sú tillaga var samþykkt. Í tillögunni voru nefnd 8 atriði þar sem úrbóta var þörf. Hafa þessi atriði verið framkvæmd? Svar óskast fyrir 12. september 2015.

Halldór greindi frá fundi sem hann hafi setið með stjórn og framkvæmdastjóra Samkaupa, 27. ágúst sl. Á fundinum var fjallað um stöðu verslunarinnar á Skagaströnd. Komið var á framfæri áhyggjum af skort á almennu viðhaldi verslunarhússins á Skagaströnd og lögð þung áhersla á að stjórn og framkvæmdstjóri beiti Ámundakinn þrýstingi hvað þau mál varðar.

Inga Rós óskað eftir skýringum á að ekki hefði verið settir kantsteinar á Ránarbraut framan við hús nr. 12 -30.





Sveitarstjóri upplýsti að vegna hæðarmunar á frágengnum innkeyrslum og gangstétt sem hefði komið fyrir framan lóðirnar hefði það ekki þótt vera valkostur og því hefði verið niðurstaðan að velja aðrar lausnir við frágang þessarar götu.

Sveitarstjórn samþykkti svohljóðandi bókun:

Sveitarstjórn þakkar tómstunda- og menningarmálanefnd, starfsmönnum sveitarfélagsins og öðrum sem stóðu að og studdu bæjarhátiðina Skaggann 2015. Hátíðin þótti takast vel og vera vel að henni staðið.


Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.00


Adolf H. Berndsen,


Halldór G. Ólafsson,


Róbert Kristjánsson


Steindór R. Haraldsson


Inga Rós Sævarsdóttir


Magnús B. Jónsson

